Nr. 1140 23. september 2021

# REGLUGERÐ

**um (4.) breytingu á reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

Reglugerð þessi nær til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Ákvæði reglugerðarinnar gilda fyrir rekstur fiskeldisstöðva með eldi og um ræktun lagarlífvera. Reglugerðin nær ekki til skráningarskyldra aðila samkvæmt reglugerð um skráningarskylda aðila í fiskeldi.

Reglugerðin nær ekki yfir geymslu á villtum lagardýrum sem eru án fóðrunar, m.a. kræklingarækt.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. september 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Kolbeinn Árnason.*

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2021